

Efni: Tillaga til þingsályktunar um eflingu og uppbyggingu sögustaða. Þingskjal 1388— 941. mál.

Vísað er til tölvupósts frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis, dags. 3. maí 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Félags fornleifafraeðinga vegna tillögu að þingsályktun um eflingu og uppbyggingu sögustaða.

Félagið fagnar tillögunni og telur hana jákvætt skref inn í þá miklu en þörfu vinnu sem snýst um að gera minjum og sögu hærra undir höfði en hingað til hefur verið gert.

Félag fornleifafraeðinga telur rétt að minna á mikilvægi þess að huga að gæðum þeirra gagna og sagna sem við kynnum ferðafólki. Sögustaðir og menningarleg ferðaþjónusta verða enda ekki til tómarúmi. **Staðir eins og Þingvellir öðluðust aðeins þann sess sem þeir hafa í dag þökk sé rannsóknum fornfræðinga og fornleifafraeðinga.**

Af þeim sökum vill Félag fornleifafraeðinga undirstrika mikilvægi grunnrannsókna á sögustöðum og það mikla hlutverk sem þær gegna til þess að auka gæði þeirra sagna sem við segjum ferðafólki og hvort öðru. Án þeirra hefur ferðaþjónustan engan grundvöll til þess að kynna þessa merku sögustaði til ferðafólks sem mun svo sannarlega hafa áhrif á upplifum þeirra sem heimsækja staðina.

Þrátt fyrir skammarlega lágar upphæðir sem úthlutað er til grunnrannsókna í íslenskri fornleifafraeði þá hefur unnist þrekvirki í rannsóknum á einstaka sögustöðum, eins og Þingvöllum, Odda á Rangárvöllum og Skálholti sem hefur dýpkað hugmyndir um eðli og mikilvægi þeirra. Ólíkt því sem margir halda þá er varðveisla minja og **menningarlandslags** á Íslandi með ágætum enda hefur stórvirkur landbúnaður og aðrar framkvæmdar ekki raskað úthögum og gjörbreytt landsvæðum að sama leyti og annars staðar í Evrópu.

Félagið saknar viðurkenningu á mikilvægi grunnrannsókna í þingsályktunartillögunni en gerir að öðru leyti ekki aðrar athugasemdir við hana að svo komu.

Með vinsemd og virðingu,
Gylfi Helgason, formaður Félags fornleifafraeðinga